



Læsisstefna Hörðuvallaskóla

Stefna Hörðuvallaskóla í lestri (læsi) og ritun

Samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla er læsi einn af sex grunnþáttum menntunar. Meginmarkmið læsis er að nemendur skapi eigin merkingu og bregðist á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa og séu þannig virkir í að umskapa og umskrifa heiminn, með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á (2011:16-17).

Í Hörðuvallaskóla er lögð rækt við að efla og hlúa að góðri færni nemenda í læsi í víðum skilningi, þannig að nemendur geti frá upphafi skólagöngu notið lestrar sér til gagns og gamans. Enda byggir annað nám á góðri færni í lestri og leikni í að tjá sig í rituðu og mæltu máli. Góð lestrarkunnátta eykur sjálfstraust nemenda og stuðlar að fjölbreyttari orðaforða og góðu valdi á tungumálinu. Því er mikilvægt að vel takist til í lestrarnáminu öllu.

Hörðuvallaskóli leggur áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og ákveðinn sveigjanleika í námi nemenda sinna. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun í lestrarferlinu og vel er fylgst með framvindu og framförum nemenda með markvissum hætti. Ef grunur vaknar um lestrarferfiðleika er gripið strax inni með viðeigandi aðstoð og leiðsögn.

Kennsla í yngstu bekkjunum byggir á samvirku kennsluaðferðinni Byrjendalæsi, en það er aðferð sem nær til allra þátta móðurmálsins. Þannig er unnið með tal, hlustun, lestur og ritun sem eina heild. Í stafainnlögn er áhersla á hljóðaaðferð, sem byggir á skilningi á því að bókstafir tákni hljóð orðanna í talmálinu. Enn fremur fléttast sértækir þættir móðurmálsins, s.s. hljóðvitund, markviss málörvun, réttiritun, skrift, setningabygging, málfræði og markviss vinna með orðaforða inn í alla vinnu nemenda.

Á mið- og unglíngastigi er áfram lögð áhersla á markvissa kennslu í lestri, mál- og lesskilningi, tjáningu og ritun, auk stöðugar þjálfunar þessara þátta. Kenndar eru mismunandi lestraraðferðir og lögð áhersla á fjölbreytt lesefni, bæði lesefni úr bókum og tímaritum auk lesefnis á rafrænu formi. Markvisst skal unnið að því að þjálfra og auka lesskilning nemenda svo og orðaforða þeirra. Notaðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem stuðla að samvinnu, samræðum og munnlegri/skriflegri tjáningu. Stuðst er við aðferðir og hugmyndafræði Læsis til náms, þar sem málið er brotið til mergjar og nemendur læra markvisst að rannsaka, greina og meta texta og tjá sig um efni þeirra.

Í öllum árgöngum Hörðuvallaskóla er lögð áhersla á yndislestur, en flesta daga er 20 mínútna lestrarstund í ró og næði hjá umsjónarkennara. Einnig eru kennarar hvattir til að lesa upphátt fyrir nemendur við sem flest tækifæri, t.d. í nestistímum. Lögð er áhersla á að gera lestur og læsi sýnilegt í skólanum meðal annars með góðri samvinnu við bókasafn og því að verkefni tengd læsi prýði veggj skólans. Mikil áhersla er á virka og góða samvinnu við heimili nemenda í tengslum við lestrarnám þeirra. Grunnurinn er lagður í skólanum en aðal þjálfunin þarf að fara fram heima. Kennarar veita foreldrum fúslega ráð og aðstoð með allt sem viðkemur lestrarþjálfun nemenda.

Lögð er áhersla á að allir nemendur Hörðuvallaskóla:

- nái góðum tókum á umskráningu, lesfimi og sjálfvirkni í lestri sem fyrst á skólaferlinum.
- öðlist færni til að tjá sig á fjölbreyttan hátt, bæði í talmáli og á ritmáli.
- tileinki sér fjölbreyttan orðaforða og góðan skilning á orðum og hugtökum, sem jafnframt stuðlar að góðum talmáls- og lesskilningi.

Mikilvægt hlutverk heimilanna

Mikilvægt er að forráðamenn séu meðvitaðir um það lið sem þeir geta lagt börnum sínum varðandi nám þeirra. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt að þátttaka foreldra í námi barna sinna hefur ótvíræð jákvæð áhrif á gengi þeirra í námi, en þó sérstaklega varðandi læsi (Rósa Eggertsdóttir, 2008). Það skiptir miklu máli fyrir börn að eiga sér góðar lestrarfyrirmyndir, að sjá foreldra sína og aðra fullorðna lesa og að lestur fléttist inn í daglegt heimilislíf.

Lestrarþjálfun á heimilum skiptir sköpum í að barn nái tókum á lestri. Gera þarf ráð fyrir 10 – 30 mínútna daglegri lestrarstund heima (a.m.k. 5x í viku) þar sem barnið fær fulla athygli. Einnig er mikilvægt að lesa áfram saman heima og ræða lesefnið, þó barnið hafi náð tókum á lestrarfærni. Við það að lesa og hlusta á aðra lesa er barnið ekki bara að þjálf lestrarfærni, heldur einnig að byggja upp orðaforða, festa stafsetningu í minni og öðlast góða máltilfinningu.

Áherslur í ritun

Í heildstæðri móðurmálskenndu er ritun samofin lestri og samtvinnar einingar móðurmálsins. Grunnur að góðri færni í ritun er lagður snemma, m.a. á heimili barna, með þjálfun í talmáli og með því að lesa fyrir þau. Kennsla í ritun hefst strax í fyrsta bekk, um leið og kennsla í lestri og mikilvægt er að gefa nemendum tíma og næði til að sinna ritun alla skólagönguna og ræða um hana. Í ritun er fengist jöfnum höndum við stafsetningu, lestur, skrift, frágang, málfræði og ritleikni. Í öllum árgöngum er lögð áhersla á að kenna nemendum alla færni sem ritun krefst og þjálf þá færni markvisst. Nemendur þurfa einnig að læra ólík ritunarform og geta beitt mismunandi ritunarstílum eftir tilefni og aðstæðum.

Lögð er áhersla á að nemendur Hörðuvallaskóla:

- geti skrifað texta frá eigin brjósti og almennt samfellt mál með viðurkenndri stafsetningu
- geti beitt frásagnargleði og sköpunargáfu við textagerð sína
- geti nýtt sér skipulega uppsetningu og góðan frágang ritaðs máls
- hafi áferðarfallega rithönd sem þolir nokkurn skriftarhraða

Eftirfylgd með árangri

Í öllum árgöngum eru lagðar fyrir skimanir og kannanir til að fylgjast með lestrar- og ritunarfærni nemenda, stöðu þeirra og framförum. Notuð eru viðmið Menntamálastofnunar. Ef framfarir eru ófullnægjandi er gripið til viðeigandi aðgerða hverju sinni.

Yngsta stig – 1. bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Lestur og skilningur	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur rímað og klappað atkvæði • þekkir alla bókstafina og hljóð þeirra • getur lesið og unnið með aldursvarandi texta • sýnir skilning á efni texta • þekkir hugtökin orð og málsgrein • áttar sig á hljóðgreiningu – fremst, í miðju og aftast í orði • les og þekkir algengar orðmyndir • spáir fyrir um framhald (Spákonan) • byrjar að leiðrétta sig við villur í lestri • rækti með sér áhuga/ánægju af lestri 	<p>Kennt eftir aðferðum Byrjendalæsis. Notuð samtengjandi og sundurgreinandi verkefni. Leikir og spil. Yndislestur í skóla. Gagnvirkur lestur. Einstaklings-, para og hópvinna.</p> <p>Heimalestur 5x í viku</p>	<p>Lesskimun f/1. bekk í október</p> <p>Lesferill í maí (oftar eftir þörfum).</p> <p>Stafakannanir í september, janúar og maí (eftir þörfum).</p> <p>Læsi 1.2 í feb. og 1.3 í apríl.</p> <p>Leiðsagnarmat á allri vinnu nemenda. Sjálfsmat og jafningjamat.</p>
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur hlustað á fyrirmæli og farið eftir þeim • getur tekið þátt í samræðum • getur hlustað og horft á flutning á fjölbreyttu efni • getur tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum. • Getur leikið og túlkað texta (Listamaður) 	<p>Hlustað á lestur í nestistímum. Hlustað á gæðatexta. Munnleg tjáning og umræður í ýmsum verkefnum.</p>	<p>Leiðsagnarmat á gengi nemenda í þessum þáttum.</p>
Ritun	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur dregið rétt til stafs og þekkir mun á há- og lágstöfum • getur skrifað/teiknað einfaldan söguþráð • þekkir hugtökin upphaf, meginmál og endi • hefur bil milli orða í ritun 	<p>Myndsköpun. Fjölbreytt tækifæri til ritunar. Tölvuforrit/spjaldtölvur</p>	<p>Leiðsagnarmat á allri ritun nemenda.</p>

Yngsta stig – 2. bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Lestur og skilningur	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur lesið upphátt og í hljóði • þekkir hugtökin orð og málsgrein • getur endursagt texta (Kúrekinn) • geti lesið einfalda fróðleikstexta • getur valið sér lesefni við hæfi og áhuga á skólasafni • sýnir skilning á efni texta • getur leiðrétt sig í lestri • þekkir hugtökin persóna, söguþráður, umhverfi og atburður • stoppar við punkta og spurningamerki við upplestur, þekkir kommur • rættar með sér áhuga/ánægju af lestri • þekkir mun á einf./tvöf. samhljóðum og f/v, g/k, d/t, b/p 	<p>Kennt eftir aðferðum Byrjendalæsis. Notuð samtengjandi og sundurgreinandi verkefni. Leikir og spil. Yndislestur í skóla. Gagnvirkur lestur. Einstaklings-, para og hópvinna.</p> <p>Heimalestur 5x í viku</p>	<p>Lesferill í sept., jan. og maí. Læsi 2.2 í okt. og 2.3 í feb. Lesmál í apríl. Aston Index í nóv./des.</p> <p>Stafakannanir eftir þörfum. Leiðsagnarmat á allri vinnu nemenda. Sjálfsmat og jafningjamat.</p>
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur hlustað á fyrirmæli og farið eftir þeim • getur tekið þátt í umræðum í bekk og í litlum hópum • getur hlustað og horft á flutning á fjölbreyttu efni • getur tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum • getur leikið og túlkað texta • getur búið til einfaldar spurningar úr texta/sögum (Fréttamaður) • notar fjölbreyttan orðaforða (Spæjarinn) 	<p>Hlustað á lestur í nestistímum. Hlustað á gæðatexta. Munnleg tjáning og umræður í ýmsum verkefnum.</p>	<p>Leiðsagnarmat á gengi nemenda í þessum þáttum.</p>
Ritun	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur dregið rétt til stafs • getur skrifað skapandi texta með einfaldan söguþráð • þekkir hugtökin upphaf, meginmál og endi • hefur bil milli orða í ritun • byrjar málsgreinar á stórum staf og endar þær á punkti 	<p>Myndsköpun. Fjölbreytt tækifæri til ritunar. Tölvuforrit/spjaldtölvur. Eigin textagerð</p>	<p>Leiðsagnarmat á allri ritun nemenda.</p>

Yngsta stig – 3. bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Lestur og skilningur	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> getur lesið aldursvarandi texta til ánægju og fróðleiks þekkir og nýtir fjölbreyttan orðaforða við að skilja texta getur lesið skýrt og áheyrilega fyrir framan hóp eykur við leshraða og liðleika getur borið saman líkar og ólíkar persónur og atburði í sögu þekkir skáldsögur, myndasögur, ævintýri, ljóð o.fl. getur aflað sér upplýsinga úr bókum og af netinu og nýtt í verkefnavinnu þekkir hugtökin umhverfi, boðskapur, söguþráður og persónulýsing 	<p>Kennt eftir aðferðum Byrjendalæsis. Notuð samtengjandi og sundurgreinandi verkefni. Leikir og spil.</p> <p>Yndislestur í skóla. Gagnvirkur lestur. Einstaklings-, para og hópvinna.</p> <p>Heimalestur 5x í viku</p>	<p>Orðarún – nóv./des. og maí.</p> <p>Lesferill í sept., jan. og maí (niðurstöðum skilað til menntasviðs).</p> <p>Aston Index í nóv./des</p> <p>Lesskilningspróf eftir þörfum.</p> <p>Leiðsagnarmat á allri vinnu nemenda.</p> <p>Sjálfsmat og jafningjamat.</p>
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> getur lesið skýrt og áheyrilega fyrir framan hóp getur rætt og rökstutt skoðanir sínar spyr og svarar spurningum úr lesefni tekur þátt í umræðum, hlustar á aðra og sýnir kurteisi getur hlustað á fyrirmæli og farið eftir þeim getur hlustað og horft á flutning á fjölbreyttu efni 	<p>Flutningur á eigin texta. Rökræður. Hlustað á lestur í nestistímum. Hlustað á gæðatexta. Munnleg tjáning og umræður í ýmsum verkefnum.</p>	<p>Leiðsagnarmat á gengi nemenda í þessum þáttum.</p>
Ritun	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> notar fjölbreyttan orðaforða í ritun dregur rétt til stafs og skrifar læsilega getur skrifað margvíslega texta á skapandi hátt nýtir upphaf, meginmál og endi í textagerð hefur bil milli orða í ritun byrjar málsgreinar á stórum staf og endar þær á punkti skrifar sérnöfn með stórum staf 	<p>Myndsköpun. Fjölbreytt tækifæri til ritunar. Tölvuforrit/spjaldtölvur, fræðslumyndir. Eigin textagerð.</p>	<p>Leiðsagnarmat á allri ritun nemenda.</p>

Yngsta stig – 4. bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Lestur og skilningur	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur lesið aldurssvarandi texta til ánægju og fróðleiks • þekkir og nýtir fjölbreyttan orðaforða við að skilja texta • eykur við leshraða og liðleika • getur aflað sér upplýsinga úr bókum og af netinu og nýtt í verkefnavinnu • þekkir hugtökin umhverfi, boðskapur, söguþráður og persónulýsing • getur lesið fyrirmæli og farið eftir þeim • getur lesið mismunandi textagerðir s.s. sögur, ljóð, fræðitexta, leiðbeiningar • getur lesið með mismunandi áherslum og tekið mið af greinamerkjum 	<p>Unnið eftir aðferðum Læsis til náms. Áhersla á lestur, orðaforða, lesskilning, gerð hugtakakorta o.fl. Leikir og spil.</p> <p>Yndislestur í skóla. Gagnvirkur lestur. Sundurgreinandi einstaklings-, para og hópvinna.</p> <p>Heimalestur 5x í viku</p>	<p>Orðarún – nóv./des. og maí</p> <p>Lesferill í sept., jan. og maí.</p> <p>Aston Index í nóv./des.</p> <p>Samræmd könnunarpróf í september.</p> <p>Lesskilningspróf eftir þörfum.</p> <p>Leiðsagnarmat Sjálfsmat og jafningjamat.</p>
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur lesið/talað skýrt og áheyrilega fyrir framan hóp • getur rætt og rökstutt skoðanir sínar • spyr og svarar spurningum úr lesefni • tekur þátt í umræðum, hlustar á aðra og sýnir kurteisi • getur hlustað á fyrirmæli og farið eftir þeim • getur hlustað og horft á flutning á fjölbreyttu efni 	<p>Flutningur á eigin texta og annarra.</p> <p>Rökræður.</p> <p>Hlustað á lestur í nestistímum.</p> <p>Munnleg tjáning og umræður í ýmsum verkefnum.</p>	<p>Leiðsagnarmat á gengi nemenda í þessum þáttum.</p> <p>Framsagnarpróf fyrir þá sem þurfa.</p>
Ritun	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • dregur rétt til stafs og skrifar læsilega • beitir grunnþáttum í byggingu texta • getur samið skapandi texta frá eigin brjósti • getur nýtt og miðlað þekkingu sem hann hefur aflað sér • þekkir einfaldar aðgerðir ritvinnslu og getur skrifað texta á tölvu/spjaldtölvu 	<p>Tækifæri og tími til fjölbreyttrar ritunar.</p> <p>Tölvuforrit/spjaldtölvur fræðslumyndir.</p> <p>Eigin textagerð.</p>	<p>Leiðsagnarmat á allri ritun nemenda.</p>

Miðstig – 5. bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Lestur og skilningur	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> getur lesið og skilið fjölbreytta texta sem reyna á færni í lestri eykur við lestrarhraða og liðleika getur nýtt sér leiðir til að auka orðaforða sinn getur lesið með mismunandi áherslum og tekið mið af greinamerkjum getur nýtt sér ólíka miðla til upplýsingaöflunar og er læs á myndmál og myndrit getur greint aðalatriði frá aukaatriðum í texta og endursagt getur beitt nákvæmnislestri, leitarlestri, yfirlitslestri og dregið ályktanir 	<p>Unnið eftir aðferðum Læsis til náms. Áhersla á lestur, orðaforða, lesskilning, gerð hugtakakorta o.fl. Leikir og spil. Yndislestur í skóla. Gagnvirkur lestur. Einstaklings-, para og hópvinna.</p> <p>Heimalestur 5x í viku</p>	<p>Orðarún - nóv./des. og maí Lesferill í sept., jan. og maí. Aston Index í nóv./des. Orðalykill – orðaforðapróf í sept. og maí.</p> <p>Stafsetningar-, framsagnar- og lesskilningspróf eftir þörfum. Leiðsagnarmat á allri vinnu nemenda. Sjálfsmat og jafningjamat.</p>
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> getur rætt og rökstutt skoðanir sínar getur lesið/talað skýrt og áheyrilega fyrir framan hóp og haldið athygli áheyrenda tekur þátt í umræðum um fjölbreytt mál, hlustar á aðra og sýnir kurteisi getur hlustað á fyriræli og farið eftir þeim getur hlustað og horft á flutning á fjölbreyttu efni sem hæfi aldri og þroska getur tjáð sig um efni sem hann hefur lesið, horft á eða heyrt 	<p>Flutningur á eigin texta og annarra. Rökræður. Hlustað á lestur í nestistímum. Munnleg tjáning og umræður í ýmsum verkefnum.</p>	<p>Leiðsagnarmat á gengi nemenda í þessum þáttum. Framsagnarpróf fyrir þá sem þurfa.</p>
Ritun	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> getur skrifað skýrt og læsilega getur samið fjölbreytta texta með ólíkum stílbrögðum getur nýtt sér reglur um grunnþætti ritunar getur nýtt og miðlað þekkingu sem hann hefur aflað sér getur tjáð hugmyndir sínar á skapandi hátt 	<p>Tækifæri og tími til fjölbreyttrar ritunar. Tölvuforrit/spjaldtölvur fræðslumyndir. Eigin textagerð.</p>	<p>Leiðsagnarmat á allri ritun nemenda.</p>

Miðstig – 6. bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Lestur og skilningur	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> getur lesið með góðum hraða og af öryggi og skilur almenna texta getur nýtt sér leiðir til að auka orðaforða sinn getur greint aðalatriði frá aukaatriðum í texta og endursagt getur nýtt sér ólíka miðla til upplýsingaöflunar, er læs á myndmál og myndrit og getur lagt nokkuð mat á gildi og trúverðugleika gerir sér grein fyrir formgerðarmun á ljóðum, sögum og fræðitextum, túlkad og dregið ályktanir gerir sér grein fyrir eigin lestrarfærni og les sér til gagns og ánægju 	<p>Unnið eftir aðferðum Læsis til náms. Áhersla á lestur, orðaforða, lesskilning, gerð hugtakakorta o.fl. Leikir og spil. Yndislestur í skóla. Gagnvirkur lestur. Einstaklings-, para og hópvinna.</p> <p>Heimalestur 5x í viku</p>	<p>Orðarún - nóv./des. og maí</p> <p>Lesferill í sept., jan. og maí.</p> <p>Aston Index í nóv./des.</p> <p>Orðalykill – orðaforðapróf í sept. og maí.</p> <p>Stafsetningar-, framsagnar- og lesskilningspróf eftir þörfum.</p> <p>Leiðsagnarmat á allri vinnu nemenda.</p> <p>Sjálfsmat og jafningjamat.</p>
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> tileinkar sér góðan upplestur og tekur mið af greinamerkjum getur rætt og rökstutt skoðanir sínar getur lesið/talað skýrt og áheyrilega fyrir framan hóp og haldið athygli áheyrenda tekur þátt í umræðum um fjölbreytt mál, hlustar á aðra og sýnir kurteisi getur hlustað á fyrirmæli og farið eftir þeim getur hlustað og horft á flutning á fjölbreyttu efni sem hæfi aldri og þroska getur tjáð sig um efni sem hann hefur lesið, horft á eða heyrt 	<p>Flutningur á eigin texta og annarra. Rökræður. Hlustað á lestur í nestistímum. Munnleg tjáning og umræður í ýmsum verkefnum.</p>	<p>Leiðsagnarmat á gengi nemenda í þessum þáttum.</p> <p>Framsagnarpróf fyrir þá sem þurfa.</p>
Ritun	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> getur skrifað skýrt og læsilega getur samið fjölbreytta texta með ólíkum stílbrögðum getur nýtt sér reglur um grunnþætti ritunar og stafsetningar getur nýtt og miðlað þekkingu sem hann hefur aflað sér getur tjáð hugmyndir sínar og rökstutt hefur tilfinningu fyrir skipulagðri uppsetningu og góðum frágangi ritaðs máls 	<p>Tækifæri og tími til fjölbreyttrar ritunar. Tölvuforrit/spjaldtölvur fræðslumyndir. Eigin textagerð.</p>	<p>Leiðsagnarmat á allri ritun nemenda.</p>

Miðstig – 7. bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Lestur og skilningur	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> getur lesið með góðum hraða og af öryggi og skilur almenna texta getur nýtt sér leiðir til að auka orðaforða sinn getur greint aðalatriði frá aukaatriðum í texta og endursagt getur nýtt sér ólíka miðla til upplýsingaöflunar, er læs á myndmál og myndrit og getur lagt nokkuð mat á gildi og trúverðugleika gerir sér grein fyrir formgerðarmun á ljóðum, sögum og fræðitextum, tülkað og dregið ályktanir gerir sér grein fyrir eigin lestrarfærni og les sér til gagns og ánægju 	<p>Unnið eftir aðferðum Læsis til náms. Áhersla á lestur, orðaforða, lesskilning, gerð hugtakakorta o.fl. Leikir og spil. Yndislestur í skóla. Gagnvirkur lestur. Einstaklings-, para og hópvinna.</p> <p>Heimalestur 5x í viku</p>	<p>Orðarún - nóv./des. og maí Lesferill í sept., jan. og maí. Aston Index í nóv./des. Orðalykill – orðaforðapróf í sept. og maí Samræmd könnunarpróf í september.</p> <p>Stafsetningar- og lesskilningspróf eftir þörfum. Leiðsagnarmat á allri vinnu nemenda. Sjálfsmat og jafningjamat.</p>
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> tileinkar sér góðan upplestur og tekur mið af greinamerkjum getur rætt og rökstutt skoðanir sínar getur lesið/talað skýrt og áheyrilega fyrir framan hóp og haldið athygli áheyrenda tekur þátt í umræðum um fjölbreytt mál, hlustar á aðra og sýnir kurteisi getur hlustað á fyrirmæli og farið eftir þeim getur hlustað og horft á flutning á fjölbreyttu efni sem hæfi aldri og þroska getur tjáð sig um efni sem hann hefur lesið, horft á eða heyrt 	<p>Flutningur á eigin texta og annarra. Rökræður. Hlustað á lestur í nestistímum. Munnleg tjáning og umræður í ýmsum verkefnum.</p>	<p>Leiðsagnarmat á gengi nemenda í þessum þáttum. Framsagnarpróf fyrir þá sem þurfa.</p>
Ritun	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> getur skrifað skýrt og læsilega getur samið fjölbreytta texta með ólíkum stílbrögðum getur nýtt sér reglur um grunnþætti ritunar og stafsetningar getur nýtt og miðlað þekkingu sem hann hefur aflað sér getur tjáð hugmyndir sínar og rökstutt hefur tilfinningu fyrir skipulagðri uppsetningu og góðum frágangi ritaðs máls 	<p>Tækifæri og tími til fjölbreyttrar ritunar. Tölvuforrit/spjaldtölvur fræðslumyndir. Eigin textagerð.</p>	<p>Leiðsagnarmat á allri ritun nemenda.</p>

Elsta stig – 8. bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Lestur og skilningur	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> getur lesið fjölbreytta texta með hraða og öryggi og nýtt sér fjölbreyttar lestraraðferðir getur lesið texta með skilningi, lagt mat á þá, dregið ályktanir og túlkað getur greint aðalatriði frá aukaatriðum og endursagt getur nýtt sér leiðir til að auka markvisst orðaforða og hugtakaskilning getur lesið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær getur aflað sér upplýsinga úr fjölbreyttum miðlum, unnið úr þeim og lagt mat á gildi og trúverðugleika þeirra gerir sér grein fyrir eigin lestrarfærni og les sér til gagns og ánægju 	<p>Unnið eftir aðferðum Læsis til náms. Yndislestur. Fjölbreyttar aðferðir við lestur t.d. paralestur, hóplestur, gagnvirkur lestur og leitarlestur. KVL. Hugtakakort. Markviss vinna með orðaforða, hugtök og málfræði. Lestur og túlkun myndrænna upplýsinga.</p>	<p>Orðarún - nóv./des. og maí Lesferill í sept., jan. og maí (niðurstöðum skilað til menntasviðs). Orðalykill – orðaforðaþróf í sept. og maí.</p> <p>Stafsetningar-, og lesskilningsþróf eftir þörfum. Leiðsagnarmat á allri vinnu nemenda. Sjálfsmat og jafningjamat.</p>
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> getur lesið fjölbreytta texta með hraða, öryggi og skilningi og nýtt sér fjölbreyttar lestraraðferðir getur tjáð sig skýrt og áheyrilega frammi fyrir hópi og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas getur tekið virkan þátt í samræðum og rökræðum, ásamt því að virða skoðanir annarra getur átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi og virðingu 	<p>Munnlegur flutningur á ýmsu efni. Fræðsluefni. Kjörbókarkynningar. Horft og hlustað á efni af ýmsum miðlum.</p>	<p>Leiðsagnarmat á gengi nemenda í þessum þáttum. Framsagnarþróf fyrir þá sem þurfa.</p>
Ritun	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> getur skrifað skýrt og læsilega og beitt ritvinnslu af öryggi getur tjáð sig í rituðu máli og miðlað þekkingu sinni, hugsun og tilfinningum getur skrifað fjölbreyttan texta og nýtt sér nýtt sér reglur um grunnþætti ritunar og stafsetningar þekkir grunnatriði í meðferð heimilda við ritgerðasmíð 	<p>Fjölbreytt skrifleg verkefni. Næg tækifæri og tími til ritunar. Ýmis tölva og ritvinnsluforrit.</p>	<p>Leiðsagnarmat á allri ritun nemenda. Mat á ritgerðum og ýmsum verkefnum.</p>

Elsta stig – 9. Bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Lestur og skilningur	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skilur mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi • getur lesið fjölbreytta texta með hraða, öryggi og skilningi, lagt mat á þá og dregið ályktanir og túlkað • getur nýtt sér leiðir til að auka markvisst orðaforða og hugtakaskilning • getur aflað sér upplýsinga úr fjölbreyttum miðlum, unnið úr þeim og lagt mat á gildi og trúverðugleika þeirra • getur lesið og unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær • getur greint aðalatriði frá aukaatriðum og endursagt • beitir mismunandi lestraraðferðum eftir tilefni • les sér til gagns og ánægju • þekkir og beitir helstu bókmenntahugtökum 	<p>Unnið eftir aðferðum Læsis til náms. Yndislestur. Fjölbreyttar aðferðir við lestur t.d. paralestur, hóplestur, gagnvirkur lestur og leitarlestur. KVL. Hugtakakort. Markviss vinna með orðaforða, hugtök og málfræði. Lestur og túlkun myndrænna upplýsinga.</p>	<p>Lesferill í sept., jan. og maí. Orðalykill – orðaforðapróf í sept. og maí. Samræmd könnunarpróf að vori.</p> <p>Stafsetningar-, framsagnar- og lesskilningspróf eftir þörfum. Leiðsagnarmat á allri vinnu nemenda. Sjálfsmat og jafningjamat.</p>
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • gerir sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar • getur lesið fjölbreytta texta með hraða, öryggi og skilningi og nýtt sér fjölbreyttar lestraraðferðir • getur tjáð sig skýrt og áheyrilega frammi fyrir hópi og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas • getur tekið virkan þátt í samræðum og rökræðum, ásamt því að virða skoðanir annarra • getur átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi og virðingu • getur komið skoðun sinni á framfæri og valið þeim miðil sem hentar 	<p>Munnlegur flutningur á ýmsu efni. Fræðsluefni. Kjörbókarkynningar. Horft og hlustað á efni af ýmsum miðlum.</p>	<p>Leiðsagnarmat á gengi nemenda í þessum þáttum.</p>
Ritun	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur valið og skrifað mismunandi textagerðir og beitt fjölbreyttum, viðeigandi orðaforða, stafsetningu og málsniði • getur skrifað skýrt og læsilega og beitt ritvinnslu af öryggi • getur skrifað fræðilegar heimildaritgerðir og sett upp heimildaskrá • getur tjáð sig í rituðu máli og miðlað þekkingu sinni, hugsun og tilfinningum • getur nýtt sér viðeigandi hjálpargögn 	<p>Fjölbreytt skrifleg verkefni. Næg tækifæri og tími til ritunar. Ýmis tölva og ritvinnsluforrit.</p>	<p>Leiðsagnarmat á allri ritun nemenda. Mat á ritgerðum og ýmsum verkefnum.</p>

Elsta stig – 10. Bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Lestur og skilningur	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skilur mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi • getur lesið fjölbreytta texta með hraða, öryggi og skilningi, lagt mat á þá og dregið ályktanir og túlkað • getur nýtt sér leiðir til að auka markvisst orðaforða og hugtakaskilning • getur aflað sér upplýsinga úr fjölbreyttum miðlum, unnið úr þeim og lagt mat á gildi og trúverðugleika þeirra • getur lesið og unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær • getur greint aðalatriði frá aukaatriðum og endursagt • beitir mismunandi lestraraðferðum eftir tilefni • les sér til gagns og ánægju • þekkir og beitir helstu bókmenntahugtökum 	<p>Unnið eftir aðferðum Læsis til náms. Yndislestur. Fjölbreyttar aðferðir við lestur t.d. paralestur, hóplestur, gagnvirkur lestur og leitarlestur. KVL. Hugtakakort. Markviss vinna með orðaforða, hugtök og málfræði. Lestur og túlkun myndrænna upplýsinga.</p>	<p>Lesferill í sept., jan. og maí. Lokamat – lykilhæfni (hæfniviðmið)</p> <p>Stafsetningar-, framsagnar- og lesskilningspróf eftir þörfum. Leiðsagnarmat á allri vinnu nemenda. Sjálfsmat og jafningjamat. Lokamat – lykilhæfni (hæfniviðmið)</p>
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur lesið fjölbreytta texta með hraða, öryggi og skilningi og nýtt sér fjölbreyttar lestraraðferðir • getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega frammi fyrir hópi í samræmi við tilefni og aðstæður • getur tekið virkan þátt í samræðum og rökræðum, ásamt því að virða skoðanir annarra • getur átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi og virðingu • getur komið skoðunum sínum og þekkingu á framfæri og valið þeim miðil sem hentar • getur nýtt margmiðlunarefni með hljóði og mynd sér til fróðleiks og skemmtunar, túlkað það og metið 	<p>Munnlegur flutningur á ýmsu efni. Fræðsluefni. Kjörbókarkynningar. Horft og hlustað á efni af ýmsum miðlum.</p>	<p>Leiðsagnarmat á gengi nemenda í þessum þáttum.</p>
Ritun	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur valið og skrifað mismunandi textagerðir og beitt ríkulegu tungutaki, viðeigandi stafsetningu og málsniði • getur skrifað skýrt og læsilega og beitt ritvinnslu og skipulegum vinnubrögðum við ritun • getur skrifað fræðilegar heimildaritgerðir og sett upp heimildaskrá • getur tjáð sig í rituðu máli og miðlað þekkingu sinni, hugsun og tilfinningum með skapandi hætti • getur nýtt sér viðeigandi hjálpargögn 	<p>Fjölbreytt skrifleg verkefni. Næg tækifæri og tími til ritunar. Ýmis tölvu og ritvinnsluforrit.</p>	<p>Leiðsagnarmat á allri ritun nemenda. Mat á ritgerðum og ýmsum verkefnum.</p>

*í samráði við sérkennara